



Alþingi  
Erindi nr. P 110/170  
komudagur 7.5.138/27

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. Kristjana Benediktsdóttir  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 06.05.2010  
Tilv.: 1004018

### **Efni: Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl. (réttarstaða skuldara) 510. mál**

Samkeppniseftirlitinu barst tölvupóstur, dags. 21. apríl sl., frá allsherjarnefnd Alþingis þar sem óskað er eftir því að Samkeppniseftirlitið veiti umsögn um frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl. (réttarstaða skuldara), 510. mál.

#### **1.**

Í 6. gr. frumvarps til laga um gjaldþrotaskipti segir að dómsmálaráðherra skuli að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmonnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu. Þá segir að lögmonnum sé óheimilt að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.

Í greinagerð með ákvæðinu kemur fram að þar sem ekki sé verið að víkja að samningum lögmanna og kröfueigenda verði ekki talið að brotið sé gegn reglum samkeppnislaga. Reglurnar lúti einungis að því endurgjaldi sem lögmonnum er heimilt að áskilja sér úr hendi skuldara við innheimtu peningakröfu auk þess sem um sé að ræða reglu sem verndi rétt skuldara við slíka innheimtu. Til þess sé að líta að ekki sé beint samningssamband á milli skuldara og lögmanns sem tekur að sér slíka innheimtu.

#### **2.**

Samkeppnisyfirvöld hafa áður fjallað um gjaldtöku vegna innheimtukostnaðar og aðra gjaldtöku lögmanna. Vísast um það m.a. til ákvörðunar Samkeppnisráðs nr. 3/1994, en þar var Lögmannafélagi Íslands (LMFÍ) synjað um undanþágu frá banni við ólögsmætu samráði vegna leiðbeinandi reglna félagsins sem m.a. lutu að þóknun í innheimtumálum. Var synjunin byggð á því að beiðni félagsins uppfyllti ekki skilyrði laga auk þess sem leiðbeinandi reglur félagsins væru til þess falinar að hafa áhrif á aðrar gjaldskrár lögmanna og kostnaðartengdar breytingar á þeim. Með því myndu reglurnar sem sótt var um undanþágu fyrir fremur geta dregið úr verðsamkeppni á milli lögmanna en aukið hana.



Með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004 var LMFÍ sektað um 3,5 m.kr. fyrir ólöglegt samráð vegna sk. kostnaðargrunns fyrir lögmannsstofur. Grunnurinn var saminn á vegum félagsins á árunum 2001-2002 og fól í sér upplýsingar um hvert tímagjald lögmannna þyrfti að vera að lágmarki að teknu tilliti til ákveðinna fyrirfram gefinna rekstrarforsendna. Kostnaðargrunnurinn var síðan sendur öllum félagsmönnum LMFÍ með upplýsingum um hvert tímagjald lögmannna þyrfti að lágmarki að vera miðað við grunninn.

Samkeppniseftirlitið veitti viðskiptanefnd Alþingis umsögn sína um frumvarp til innheimtulaga, 324. mál, heildarlög, þann 1. apríl 2008. Í 12. gr. þess frumvarps kom fram heimild viðskiptaráðherra til setningar reglugerðar þar sem kveða mátti á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar. Í greinargerð með ákvæðinu kom fram að kveðið væri á um að ráðherra setji ekki reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar nema að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila t.d. Lögmannafélag Íslands, Samtök fjármáiafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands.

Í framangreindri umsögn til viðskiptanefndar Alþingis vakti Samkeppniseftirlitið athygli á því að það fyrirkomulag sem boðað var í frumvarpinu félli ekki að þeim grundvallarsjónarmiðum samkeppnisréttar að ákvarða skuli verð í viðskiptum í frjálsri samkeppni. Hins vegar sagði að samkvæmt eðli máls gæti skort á samkeppnislegt aðhald í ákvörðunum um gjaldtöku vegna innheimtu, enda viðkomandi skuldari ekki í aðstöðu til að veita slíkt aðhald.

Með hliðsjón af framangreindu gerði Samkeppniseftirlitið ekki athugasemd við reglugerðarheimildina sem slíka, en lagði áherslu á að við setningu slíkrar reglugerðar væri hugað gaumgæfilega að áhrifum þess að ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar og þess gætt að slík ráðstöfun hefði ekki áhrif á gjaldtöku á öðrum sviðum, t.d. þegar í hlut á alhliða lögmannsstofa.

### 3.

Hvað 6. gr. frumvarps til laga um gjaldþrotaskipti varðar vísar Samkeppniseftirlitið í framangreinda umfjöllun og ítrekar að heimildir af þessu tagi falli ekki að grundvallarsjónarmiðum samkeppnisréttar að ákvarða skuli verð í viðskiptum í frjálsri samkeppni. Aðstæður eru hins vegar þess eðlis að skuldari hefur ekki val um innheimtuaðila og því ekki í aðstöðu til að veita samkeppnislegt aðhald. Samkeppniseftirlitið sér því ekki ástæðu til að gera athugasemd við útgáfu umræddra leiðbeininga af hálfu dómsmálaráðherra. Samkeppniseftirlitið leggur hins vegar til að tilvitnuðu ákvæði frumvarpsins verði breytt á þann veg að dómsmálaráðherra gefi út umræddar leiðbeiningar án samráðs eða annars atbeina Lögmannafélags Íslands, sem eru hagsmunasamtök lögmannna, sbr. II. kafli laga um lögmennt nr. 77/1998. Skal það rökstutt nánar.

Samkvæmt 12. gr. samkeppnislaga er samtökum fyrirtækja óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem eru bannaðar samkvæmt lögnum, svo sem ólöglegs samráðs skv. 10. gr. laganna. Með ákvörðun samtaka fyrirtækja í skilningi samkeppnisréttar er átt við hvers konar bindandi eða leiðbeinandi ákvarðanir. Í því felst m.a. að samtökum fyrirtækja er óheimilt að fjalla um eða ákveða verð hjá aðildarfélögum á vettvangi samtakanna eða annars staðar.



Með vísan til 12. gr. samkeppnislaga og markmiðs laganna leggst Samkeppniseftirlitið gegn því að ráðherra hafi samráð við Lögmannafélag Íslands við útgáfu leiðbeininga um endurgjald sem lögmönnum sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu líkt og gert er ráð fyrir í 6. gr. frumvarpsins, enda getur það haft í för með sér alvarlegar samkeppnishömlur hjá umræddum hagsmunasamtökum.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið

*Eva Ómarsdóttir*  
Eva Ómarsdóttir